



Ungir
Umhverfissinnar

www.umhverfissinnar.is

Pósthússtræti 3-5

101 Reykjavík

15. febrúar 2019

Efni: 1. áfangi orkustefnu

Ungir umhverfissinnar (UU) lýsa ánægju yfir því að unnið sé að orkustefnu til langs tíma með víðu samráði.

Félagið vill mæla sérstaklega fyrir eftirfarandi áherslum:

- Að orkustefnan horfi a.m.k. 100-300 ár fram í tímann. Er það m.a. byggt á því að:
 - Orkuframleiðsla hefur oft óafturkræf áhrif sem gætu orðið óþörf seinna, s.s. vegna betri nýtingar og minni orkuþarfar.
 - Óhjákvæmileg breyting á afköstum sumra virkjana getur tekið langan tíma að koma fram, sér í lagi hjá jarðvarmavirkjunum og vatnsaflsvirkjunum í jökulám. Því er mikilvægt að horft sé til hagsmuna komandi kynslóða samhliða skammtímahagsmunum.
- Að tekið sé mið af öðrum stefnum og skuldbindingum stjórnvalda á heildstæðan hátt, bæði núverandi og væntanlegum. Í þessu samhengi bendir UU sérstaklega á að hugað sé að líffræðilegri- og jarðfræðilegri fjölbreytni. Ísland á nú þegar aðild að samningum er snúa að líffræðilegri fjölbreytni en vöntun er á alþjóðasamningum um jarðfræðilega fjölbreytni, sem er sérstaklega varhugavert í ljósi jarðfræðilegrar sérstöðu Íslands á heimsvísu. Því er viðbúið að slíkir alþjóðasamningar séu væntanlegir á næstu 5-15 árum og er því mikilvægt að tekið sé sérstaklega mið af því. Til marks um mikilvægi þess má nefna að jarðfræði er ein helsta ástæðan fyrir skráningum Íslands á Heimsminjaskrá UNESCO.
 - Enn fremur er mikilvægt að loftslagsmál skuli ávalt nálgast í samhengi við líffræðilega fjölbreytni og jarðfræðilega fjölbreytni.
- Að tekið sé mið af því að samfélagið þurfti að draga úr orkuþörf í ljósi þess að náttúruauðlindir eru takmarkaðar. Þá er sérstaklega átt við náttúruauðlindir á heimsvísu sem komnar eru að hættumörkum hvað varðar ofnýtingu en óhófleg raforkuvinnsla er hvati í þeirri nýtingu. Þetta er sérilagi mikilvægt í ljósi þess að Ísland er nú þegar í hópi þeirra þjóða sem nýta orku- og efni í óhóflegu samhengi við þá þróun sem hlýst af nýtingunni, sbr. fylgni milli Human Development Index frá Sameinuðu Þjóðunum og Vistspors greiningum fyrir þjóðir heims.

f.h. stjórnar Ungra umhverfissinna

Pétur Halldórsson, formaður
umhverfissinnar@gmail.com